

Fundur í fagráði nautgriparæktar 25. október 2023

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 25. október 2023 og hófst kl. 11.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Ágúst Sigurðsson, Egill Gautason, Guðrún Björg Egilsdóttir, Sigurbjörg Bergsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Naut í notkun næstu mánuði
3. Nýtt kynbótamat fyrir lifun og burðarerfiðleika
4. Verðlagning á nautkálfum
5. Kvígusæðingar
6. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar haust 2023
7. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 23. ágúst 2023, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Naut í notkun næstu mánuði.

Guðmundur fór yfir að kynbótamat er nú keyrt 1-2svar sinnum í mánuði sem er nauðsynlegt til þess að fá mat á þá kálfa sem bjóðast Nautastöðinni til kaups. Breytingar á nautum í notkun hafa verið óverulegar milli keyrslna þó að einstöku naut hafi lækkað um 2-3 stig frá því þeir voru settir notkun.

Lagt er til að Bússi 19066, Billi 20009, Garpur 20044, Óðinn 21002, Kaldi 21020, Pinni 21029, Vorsi 22002, Svarfdal 22006, Hnallur 22008, Kajak 22009 og Ægir 22010 verði áfram í notkun.

Ný naut í notkun verði Magni 20002, Gauti 20008, Mjöllnir 21025 og Drangur 22004. Þá komi Flammi 22020, Strókur 22023 og Drungi 22024 til notkunar um leið og þeir verða tilbúnir til dreifingar.

Úr notkun fari Kollur 18039, Skáldi 19036, Simbi 19037, Kvóti 19042, Marmari 20011, Hengill 20014, Banani 20017 og Hákon 21007.

Framhaldið verður síðan þannig að þeir nautkálfar sem voru keyptir á grunni erfðamats koma til notkunar jafnharðan og þeir verða tilbúnir til notkunar.

3. Nýtt kynbótamat fyrir lifun og burðarerfiðleika.

Þórdís hefur reiknað kynbótamat fyrir lifun kálfa og burðarerfiðleika sem hún fór yfir og kynnti. Um er að ræða mat fyrir annars vegar 1. burð og hins vegar annan og þriðja burð. Því til viðbótar skiptist matið í bein áhrif, þ.e. áhrif kálfsins á hvort hann fæðist lifandi eða ekki og í tilviki burðarerfiðleika áhrif kálfsins á gang burðar, og mæðraáhrif, þ.e. áhrif móður á kálfadauða og gang burðar. Áhrif kálfsins eru svo aftur áhrif frá föður og móður og áhrif móður einnig áhrif frá móðurföður og

móðurmóður kálfsins. Öryggi á þessu mati er ekki hátt en nærri tvöfalt hærra að viðbættum arfgerðarupplýsingum en ef einungis er reiknað hefðbundið kynbótamat. Við fyrstu sýn virðist vera hægt að nota þetta mat til þess að forðast að nota ákveðin naut á kvígur til þess að draga úr kálfadauða.

Lagt er til að birta tvær samsettar einkunnir:

$$\text{Burður feðraáhrif} = (\text{LKK}_1 * 0,7) + (\text{GBK}_1 * 0,2) + (\text{LKK}_2 * 0,05) + (\text{GBK}_2 * 0,05)$$

þar sem;

LKK₁ eru áhrif kálfsins á hvort hann fæðist lifandi eða ekki við 1. burð,

GBK₁ eru áhrif kálfsins á gang 1. burðar,

LKK₂ eru áhrif kálfsins á hvort hann fæðist lifandi eða ekki við 2. og 3. burð og

GBK₂ eru áhrif kálfsins á gang 2. og 3. burðar

$$\text{Burður mæðraáhrif} = (\text{LKM}_1 * 0,7) + (\text{GBM}_1 * 0,2) + (\text{LKM}_2 * 0,05) + (\text{GBM}_2 * 0,05)$$

þar sem;

LKM₁ eru áhrif móður á hvort kálfurinn fæðist lifandi eða ekki við 1. burð,

GBM₁ eru áhrif móður kálfsins á gang 1. burðar,

LKM₂ eru áhrif móður á hvort kálfurinn fæðist lifandi eða ekki við 2. og 3. burð og

GBM₂ eru áhrif móður kálfsins á gang 2. og 3. burðar

Þessar einkunnir eru þannig samsettar að vægi við 1. burð er langmest enda þar sem vandamálið er einkum til staðar.

Matið verði m.a. notað til hliðsjónar og viðmiðunar við kaup nautkálfa á Nautastöðina.

4. Verðlagning á nautkálfum.

Nautastöðin hefur óskað eftir umsögn fagráðs um verðlagningu á nautkálfum sem keyptir eru á stöðina. Í dag eru greiddar 30 þús. kr. fyrir lífið að viðbættum 810 kr./dag fyrir fóðrun og hirðingu frá fæðingu þar til kálfurinn er sóttur. Kálfarnir eru jafnan 70-90 daga gamlir þegar þeir eru sóttir og því er verið að greiða um 87-103 þús. kr. fyrir kálfinn.

Viðmið fyrir kálfinn hefur verið 200 lítrar mjólkur að viðbættum 6 lítrum af mjólk á dag fyrir fóðrun og hirðingu. Því er lagt til að verð á kálfum hækki nú í 33 þús. kr. + 1.000 kr/dag fyrir fóðrun og hirðingu. Fagráð leggur á móti til að verð á nautkálfum verði hækkað í 35 þús. kr. að viðbættum 1.200 kr/dag fyrir fóðrun og hirðingu.

5. Kvígusæðingar

Guðmundur fór yfir þá stöðu sem er uppi varðandi sæðingar á kvígum. Hlutfall fæddra kálfa við 1. burð undan sæðinganautum hefur farið lakkandi á undanförunum árum og var um 28% á árinu 2022. Á sama tíma hefur hlutfall kálfa undan sæðinganautum við aðra burði verið mjög stöðugt fyrir ofan 90%. Fækkun kvígusæðinga virðist að hluta til haldast nokkuð í hendur við stækkun búa, breytingar yfir í lausagöngu og aukid tæknistig. Það skýtur nokkuð skökku við þar sem að í dag má fá góðan búnað til beiðsliseftirlits fyrir kýr og kvígur. Hins vegar virðast kvígurnar hafa orðið út undan í

Þróuninni og aðstaða til sæðinga mjög víða bágborin, einkum til sæðinga á kvígum. Guðmundur sagði bráðnaðsynlegt fyrir ræktunarstarfið og sæðingastarfsemina að snúa þessari öfugþróun við. Þarna væru menn að grafa sér sína eigin gröf.

Rætt um hvernig hægt er að bregðast við þessum vanda og nefnt að efna þyrfti til að funda um land allt til að vekja áhuga og fræða menn um ávinning af því að sæða kvígurnar. Fræðsla þyrfti að snúast um hvaða lausnir stæðu mönnum til boða. Jafnvel væri ástæða til að heimsækja menn, fara yfir aðstöðu til sæðinga og gera tillögur til úrbóta. Þá gæti jafningjafræðsla verið álitlegur kostur.

Ákveðið að beina því til RML að gera tillögur að hvernig megi bregðast við, t.d. með hugmyndum að aðgerðaáætlun.

6. Umsóknir í þróunarsjóð

Alls bárust 10 umsóknir upp á samtals kr. 43.656.518 en til úthlutunar að þessu sinni eru 24.511.913 kr.

a. **Umsókn nr. 118644 : Málsnúmer ANF-23-08-00215. Þróun fjósbygginga og mjaltatækni 2021-2023.**

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún Björg Egilsdóttir. Sótt er um kr. 300.000.

Markmið: Markmið verkefnisins er að halda utan um og fylgjast með þróun fjósgerða og þeirri mjaltatækni sem notuð er í mjólkurframleiðslu á Íslandi í dag, og sjá þannig fyrir helstu breytingar á framleiðsluástöðu nautgriparkerfanna.

Auk þess gefa niðurstöður verkefnisins vísbendingar um endurnýjunar- og fjárfestingaþörf í búgreininni í víðum skilningi en kröfur um velferð hafa aukist töluvert á undanförunum árum.

Með aukinni velferð og betri mjaltatækni má auka framlegð á hvern grip, sem skilar sér í lægra kolefnisspori á hvern framleidda lítra mjólkur.

Ávinningur: Lokaafurðin er skýrsla í eigu Bændasamtaka Íslands sem nota má til þess að meta endurnýjunar- og fjárfestingaþörf í búgreininni. Skýrslan kemur til með að greina þá þróun sem hefur átt sér stað í þróun fjósgerða og mjaltatækni undanfarin tvö ár og bætir þannig við þann þekkingargrunn um þróun fjósgerða og mjaltatækni sem haldið hefur verið utan um síðan 2003. Skýrslan verður höfð á heimasíðu BÍ, þar sem allir geta nálgast hana..

Tenging við loftslagsmarkmið: Með aukinni velferð og betri mjaltatækni má auka framlegð á hvern grip, sem skilar sér í lægra kolefnisspori á hvern framleidda lítra mjólkur.

Aukin velferð dýra felst í bættum aðbúnaði en með aukinni velferð og betri mjaltatækni, eykst framlegðin.

Afgreiðsla: Fagrað telur nauðsynlegt að fylgjast með þróun fjósgerða og mjaltatækni hérlendis. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 300.000.

b. **Umsókn nr. 122478 : Málsnúmer ANF-23-09-00563. Stæðugryfjur og fjölnota yfirbreiðslubúnaður.**

Umsókn frá Fjölskyldubúinu ehf. Verkefnisstjóri er Margrét Hrund Arnarsdóttir. Sótt er um kr. 20.000.000.

Markmið: Markmið með tilkomu fjölnota stæðubúnaðar er minna plast, en Fjölskyldubúið sparar plastnotkun um u.þ.b. 6 tonn á ári með fjölnota stæðubúnaði. Vinnusparnaður er einnig mikill, þar sem alltaf fer töluverður tími í að ganga frá plastumbúðum.

Það yrði minna kolefnisspor þar sem að ferlið einfaldast og ekki þarf að hyrða rúllurnar heim með tilheyrandi akstri á traktorunum, en í stæðugerð er heyið keyrt beint í stæðuna þegar það er tekið upp.

Betri nýting á fóðrinu þar sem að það er saxað niður í heyhleðsluvagninum og svo þjappað niður í stæðuna. Það gerir það að verkum að allt hey blandast saman og kýrnar hafa því ekki kost á að hafna einni eða annarri gerð af heyi. Því éta þær allt heyið og bóndinn þarf ekki að standa í því að taka moð og henda því.

Ávinningur: Verkefnið er í eigu Fjölskyldubúsins og fer vara ekki á markað þar sem að það er verið að breyta og einfalda heyskap frá því sem verið hefur. Verkefnið er jákvæð þróun fyrir íslenskan landbúnað en stöðugt er verið að leita leiða til þess að minnka plastnotkun á heimsvísu. Verkefnið er einnig jákvæð þróun við heyskap og öðrum hvatning til að feta sömu leið. Í dag er lang algengast að bændur noti rúllur og pakka þá rúllunum inn í plast, allt frá 4 lögum í 6 lög af plasti á hverja rúllu.

Tímasparnaður fyrir bændur, en þegar heyskapi er lokið er allt hey komið heim og búið að breiða yfir það, í stað þess að eiga eftir að koma öllu heyi heim með tilheyrandi vinnu og kostnaði.

Betri nýting á fóðri, þar sem að allt hey blandast saman í heyðshleðsluvagninum og á stæðunni og því svo þjappað saman. Það gerir það að verkum að heyið er jafnara og alltaf eins að gæðum gripirnir geta ekki valið og hafnað fóðri. Þannig fellur mun minna til af moði sem að bóndinn þarf svo að fleygja..

Tenging við loftslagsmarkmið: *Nýsköpun og uppbygging:* Þessi heyverkun með fjölnota yfirbreiðslubúnaði/dúk er ný á Íslandi. En með því að ryðja brautina í þessum umhverfismálum erum við vonandi hvatnig fyrir aðra að fara sömu leið.

Aðgerðir í loftslagsmálum: Með komu fjölnota yfirbreiðslubúnaðarins sparar Fjölskyldubúið u.þ.b. 6 tonn af plasti á ári, en fjölnota yfirbreiðslubúnaðurinn er eins og fyrr segir fjölnota dúkur yfir stæðugerð með pylsum fylltum með saltpækli sem eru lagðar yfir stæðuna. Þær eru einnig fjölnota og áfastar dúknum.

Einnig minnkar kolefnissporið í hverjum heyskap því ekki þarf að hirða eins og er gert þegar heyið er sett í rúllur, heldur keyra heyhleðsluvagnarnir öllu heyi heim strax og leggja í stæðuna eftir að því hefur verið rakað saman.

Ábyrgð, neysla og framleiðsla: Betri nýting á fóðri, þar sem að allt hey blandast saman í heyðshleðsluvagninum og á stæðunni og því svo þjappað saman. Það gerir það að verkum að gripirnir geta ekki valið og hafnað fóðri heldur er fóðrið eins allt árið um kring og því éta þær það betur þegar engin breyting er á því og þær hafa ekki valkostinn að velja og hafna. Þannig verður ekki til moð sem að bóndinn þarf svo að fleygja..

Afgreiðsla: *Fagráð telur um áhugavert verkefni að ræða en það falli ekki að markmiðum sjóðsins sem styrkir hvorki framkvæmdir né kaup á tækjabúnaði. Umsókn hafnað.*

c. **Umsókn nr. 123176 : Málsnúmer ANF-23-09-00836. Smáforrit fyrir kúasæðingar.**

Umsókn frá Kynbótastöð ehf. Verkefnisstjóri er Sveinn Sigurmundsson. Sótt er um kr. 5.000.000.

Markmið: Verkefnið er innleiðing á smáforriti (appi) til skráningar á sæðingum. Forritið verður unnið af Mtech í Finnlandi í samstarfi við RML þar sem það þarf að sækja/senda gögn í Huppu. Forritið mun vinna þannig að bændur geta pantað sæðingar með því sem safnast saman í pantanir dagsins. Þeim er síðan deilt út á frjótækna sem geta þá sett upp akstursleið dagsins. Bóndi fær síðan meldingu um hvenær frjótækni er væntanlegur. Í forritinu getur frjótækni séð hvaða grip/i á að sæða og hvaða naut á að nota ef pörunartillaga liggur fyrir. Að lokinni sæðingu

er hún skráð í appið og send í Huppu. Auk þessa skráir forritið akstursvegalengdir og vinnutíma á hverju búi.

Markmið verkefnisins er að auka öryggi og minnka villuhættu við skráningar sæðinga, safna gögnum um vinnutíma og akstur við sæðingar til þess að geta á hverjum tíma leitað aukinnar skilvirkni í sæðingastarfseminni.

Ávinningur: Ávinningur verkefnisins liggur í aukinni þjónustu við kúabændur, aukinni skilvirkni við sæðingar, betri skráningum sem fara fram samstundis og auknum hagræðingarmöguleikum í rekstri kúasæðinga.

Tenging við loftslagsmarkmið: Minni akstur og þar með minni útblástur.

Afgreiðsla: *Fagráð telur um vel skilgreint og afmarkað verkefni að ræða sem stuðlað geti að betri þjónustu, hagræðingu og gæðastjórnun við kúasæðingar. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 5.000.000.*

d. **Umsókn nr. 124860 : Málsnúmer ANF-23-10-00603. Tíðni og áhættuþættir kálfadauða og burðarerfiðleika hjá íslensku kúnni.**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Harpa Ósk Jóhannesdóttir. Sótt er um kr. 5.015.800.

Markmið: Meginmarkmið verkefnisins er að ákvarða tíðni og greina áhættuþætti kálfadauða og burðarerfiðleika hjá íslensku kúnni sl. 16 ár sem og að koma með tillögur að hvernig mætti draga úr tíðni kálfadauða sem og burðarerfiðleika hérlendis. Sjá nánar í meðfylgjandi fylgiskjali.

Ávinningur: Burðarerfiðleikar og kálfadauði, sér í lagi hjá 1. kálfs kvígum, eru viðvarandi vandamál hjá íslensku kúnni sem halda áfram að valda kúabændum hérlendis gríðarlegu tjóni á ári hverju. Nauðsynlegt er að taka saman tíðni og áhættuþætti með stóru gagnasafni til þess að fá sem bestar niðurstöður. Einnig er nauðsynlegt að vekja almenning til umhugsunar um vandamálið, jafnt hérlendis sem og erlendis.

Hingað til hefur ekki verið leitað til nágrannaþjóða okkar sem áður hafa glímt við aukinn kálfadauða en náð að stemma stigu við þeirri óheillaþróun. Ef til vill væri hægt að heimfæra eitthvað af þeirra aðgerðum yfir á íslenskar aðstæður.

Ekki hefur heldur verið birt fræðigrein um tíðni þessara þátta, burðarerfiðleika og kálfadauða, síðan að Baldur Helgi Benjamínson birti grein í Acta Veterinaria Scandinavica árið 2007. Síðan þá hefur vandamálið færst í aukana og því nauðsynlegt að uppfæra vitneskju almennings á heimsvísu.

Tenging við loftslagsmarkmið: Ekki tilgreind.

Afgreiðsla: *Fagráð fagnar þeim áhuga sem vandamálinu kálfadauða er sýndur. Í júní 2021 var samþykkt að veita umsækjanda styrk upp á kr. 8.000.000 vegna verkefnis sem ber heitið „Dauðfæddir kálfar hjá fyrsta kálfs kvígum“. Auk þess er sótt um vegna verkefnis um áhrif kálfadauða og burðarerfiðleika á frjósemi, mjólkurframleiðslu og afdrif íslensku kýrinnar. Ekki verður annað séð en talsverð skörun sé á þessum verkefnum auk þess sem sótt er um hærra hlutfall en 50% af kostnaði. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 3.000.000.*

e. **Umsókn nr. 124890 : Málsnúmer ANF-23-10-00618. Áhrif kálfadauða og burðarerfiðleika á frjósemi, mjólkurframleiðslu og afdrif íslensku kýrinnar.**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Harpa Ósk Jóhannesdóttir. Sótt er um kr. 5.787.800.

Markmið: Meginmarkmið verkefnisins er að ákvarða áhrif kálfadauða og burðarerfiðleika á mjólkurframleiðslu, æxlunargetu / frjósemi og endingu, sem og fjárhagslegt tap af völdum kálfadauða í íslenskum kúabúskap. Sjá nánar í meðfylgjandi fylgiskjali.

Ávinningur: Burðarerfiðleikar og kálfadauði, sér í lagi hjá 1. kálfs kvígum, eru viðvarandi vandamál hjá íslensku kúnni sem halda áfram að valda kúabændum hérlendis gríðarlegu tjóni á ári hverju. Tjónið er bæði velferðarlegt og fjárhagslegt en fram að þessu hefur ekki verið lagt mat á hve mikið fjárhagslega tjónið er. Með því að setja upphæð á fjárhagslega tjónið má vekja frekari athygli á vandamálinu, jafnt hjá bændum sem og almenningi.

Nauðsynlegt er einnig að undirstrika hvort og þá hversu mikil áhrif burðarerfiðleikar og kálfadauði hafa á velferð og frammistöðu kúnnna. Komi í ljós að þessir þættir hafi verulega neikvæð áhrif á framleiðslu og frjósemi er mikilvægt að bændur séu gerðir meðvitaðir um það. Þeir vita þá að hverju þeir ganga þegar kemur að því að sæða kýrnar í fyrsta skipti en einnig að afskrifa þessa gripi ekki á fyrsta mjaltaskeiði einungis vegna þess að þeir standast ekki væntingar í mjólkurframleiðslu. Einnig gæti sú vitneskja orðið til þess að bændur verði meðvitaðir um að hlúa aukalega að þessum tilteknu gripum fyrstu dagana eftir burðinn og ná þá e.t.v. að sporna við framleiðslutapinu..

Tenging við loftslagsmarkmið: Ekki tilgreind.

Afgreiðsla: *Fagráð fagnar þeim áhuga sem vandamálinu kálfadauða er sýndur. Í júní 2021 var samþykkt að veita umsækjanda styrk upp á kr. 8.000.000 vegna verkefnis sem ber heitið „Dauðfæddir kálfar hjá fyrsta kálfs kvígum“. Auk þess er sótt um vegna verkefnis um tíðni og áhættuþætti kálfadauða og burðarerfiðleika hjá íslensku kúnni. Ekki verður annað séð en talsverð skörun sé á þessum verkefnum auk þess sem sótt er um hærra hlutfall en 50% af kostnaði. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 3.000.000.*

f. **Umsókn nr. 122638 : Málsnúmer ANF-23-09-00632. Rafrænt kjötmat nautgripa.**

Umsókn frá Matvælastofnun. Verkefnisstjóri er Einar Kári Magnússon. Sótt er um kr. 1.563.918.

Markmið: Kjötmat nautgripa er mikilvægur þáttur þegar kemur bæði að ræktun sem og verðlagningu á nautgripaafurðum.

Samræming kjötmats milli kjötmatsmanna og sláturhúsa er stanslaust verkefni hjá yfirkjötmati og sýnist sitt hverjum um hvernig það gangi. Mjög reglulega koma upp þar sem annað hvort bændur eða kjötvinnslur telja sig hlunnfarna við framkvæmd matsins. Til að ná sem bestu samræmi er best að losna við mannlega þáttinn úr matsferlinu.

Verkefnið snýr að því kynna sér það rafræna kerfi sem Norðmenn hafa innleitt og sjá kosti þess og galla fyrir íslenskar aðstæður. Innleiðing á slíku kerfi yrði mikið framfara skref fyrir kjötframleiðslu hliðina á íslenskri nautgriparækt.

Ávinningur: Ávinningur verkefnisins er að gera kjötmat á Íslandi nákvæmara og aðgengilegra. Þegar mannhöndinni sleppir við matið og mæling kemur í staðinn náum við að gera kjötmatið einsleitara og nákvæmara. Kjötmat er forsenda verðlagningar á kjöti og því er til mikils að vinna að gera það eins nákvæmt og hægt er.

Tenging við loftslagsmarkmið: Ekki tilgreind.

Afgreiðsla: *Fagráð tekur undir að samræmt og gott kjötmat er mikilvægt og forsenda réttlátrar verðlagningar og mats á gæðum afurðarinnar. Fagráð bendir á reglugerð nr. 500/2017 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða með síðari breytingum þar sem segir í 11. gr.: „Matvælastofnun ber eigin kostnað af yfirmati en annan kostnað sem af því hlýst greiðir sá er um það biður, samkvæmt gjaldskrá Matvælastofnunar. Sláturleyfishafar skulu greiða kjötmatsmönnum laun, svo og kostnað vegna ferða og dvalar vegna námskeiða sem*

matsmönnum er skylt að sækja samkvæmt fyrirmælum Matvælastofnunar. Þeir sem sækja námskeið á eigin vegum greiði allan kostnað sjálfir sem af því hlýst." Fagráð samþykkir að styrkja verkefnið um allt að kr. 500.000 vegna þátttöku Bændasamtakanna í verkefninu.

g. **Umsókn nr. 124392 : Málsnúmer ANF-23-10-00368. Kalkþörf mismunandi jarðvegsgerða.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Sigurður Max Jónsson. Sótt er um kr. 440.000.

Markmið: Að mæla hversu mikið kalkefni þarf til þess að lyfta sýrustigi í þremur mismunandi jarðvegsgerðum um 1 pH.

Ávinningur: Bæta ráðleggingar varðandi kölkun ræktarlands.

Tenging við loftslagsmarkmið: Hagstætt sýrustig í jarðvegi bætir nýtingu á tilbúnum áburði, eykur endingu sáðgresis, eykur endingu smára í túnum. Allt þetta bætir nýtingu aðfanga í rekstri bænda.

Afgreiðsla: Fagráð fagnar þeim áhuga sem rannsóknnum í jarðrækt er sýndur á nýjan leik og tekur undir þörf fyrir betri ráðleggingar varðandi kölkun ræktarlands. Fagráð samþykkir því að styrkja verkefnið um allt að kr. 440.000.

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

h. **Umsókn nr. 123984 : Málsnúmer ANF-23-10-00183. Skoðun á kúm á öðru mjaltaskeiði.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Sótt er um kr. 1.450.000.

Markmið: Verkefnið er gagnasöfnun fyrir BS-verkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem bera á saman dóma kúa á 1. og 2. mjaltaskeiði. Kýrnar verða skoðaðar samhliða kúadómum á kúm á fyrsta mjaltaskeiði. Jafnframt þarf að gera ákveðnar breytingar í nautgriparæktarkerfinu Huppu til þess að hægt sé að skrá meira en einn dóm á kú.

Í meistaraverkefni Önnu Guðrúnar Þórðardóttur við Landbúnaðarháskóla Íslands mat hún erfðastuðla fyrir júgur- og spenaeiginleika íslenska kúastofnsins. Ein af hennar tillögum er að taka upp kúadóma á öðru mjaltaskeiði jafnt sem því fyrsta, og meta kynbótamat fyrir bæði mjaltaskeið svo velja megi fyrir júgur- og spenabyggingu sem endist á milli mjaltaskeiða. Í hennar gögnum voru 5.016 gripir sem dæmdir voru á 2. mjaltaskeiði en þeir gripir höfðu ekki dóm á 1. mjaltaskeiði sem gerir samanburð milli mjaltaskeiða ómarktækan. Í þessu verkefni er ætlunin að dæma 1.000 kýr á 2. mjaltaskeiði sem hafa jafnframt dóm á 1. mjaltaskeiði. Í framhaldinu verða erfðastuðlar metnir og hægt að meta hvort um ræktunarlegan ávinning af dómum á 2. mjaltaskeiði sé að ræða..

Ávinningur: Lokaafurð verkefnisins verður BS-ritgerð við Landbúnaðarháskóla Íslands sem væntanlega verður skilað í maí 2024. Í framhaldi af niðurstöðum þess verkefnis verður hægt að taka afstöðu til þess hvort taka eigi upp reglubundna dóma á 2. mjaltaskeiði.

Tenging við loftslagsmarkmið: Skili dómur á 2. mjaltaskeiði ræktunarlegum ávinningi felst hann einkum og sér í lagi í meiri framförum í júgur- og spenagerð sem leiðir til betri endingar kúnna og þar með hagræðingar í rekstri og minni losunar gróðurhúsalofttegunda.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og að það geti nýst greininni vel. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.450.000.

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

i. **Umsókn nr. 122480 : Málsnúmer ANF-23-09-00564. Rekstur nautakjötsframleiðenda 2023.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Kristján Óttar Eymundsson. Sótt er um kr. 3.399.000.

Markmið: Lokaskýrsla með niðurstöðum verður birt á heimasíðu RML og öllum aðgengileg þar. Niðurstöður greininga á rekstrargögnum verða einnig kynntar bændum og hagsmunasamtökum nautakjötsframleiðenda með greinaskrifum og fundum.

Ávinningur: Hagnýting á þeim rekstrargagnagrunni sem hefur orðið til í þessu verkefni og öðrum sambærilegum er margþætt

1. Gagnagrunnurinn mun gefa færi á að vinna áfram mikilvægar kennitölur úr rekstri nautakjötsframleiðenda
2. Rekstrargrunnurinn mun nýtast við afkomuvöktun og hagsmunagæslu
3. Rekstrargreiningar auka rekstrarvitund nautgripabænda og auka möguleika á meiri skilvirkni í bættum búrekstri
4. Rekstrargrunnurinn mun nýtast gagnvart opinberri stjórnsýslu og rekstraráætlanagerð fyrir bændur og fjármálastofnanir

Tenging við loftslagsmarkmið: Markviss greining á búrekstri og ráðgjöf leiðir meðal annars til betri nýtingu aðfanga á hverju búi og þannig minna kolefnisspori framleiðslunnar.

Afgreiðsla: *Fagráð álítur vöktun á afkomuvöktun mjög mikilvæga og ávinning greinarinnar margþættan en minnir á og ítrekar bókun sína með sambærilegri umsókn frá 5. desember 2022 þar sem sagði að stefna bæri að því að greinin sjálf fjármagni afkomuvöktun. Í reglum fagráðs segir að eigið framlag umsækjenda skuli að öllu jöfnu nema að lágmarki 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins en með hliðsjón af mikilvægi þessara gagna og þess að vakta afkomu greinarinnar er samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 3.399.000.*

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

j. **Umsókn nr. 122416: Málsnúmer ANF-23-09-00536. Prevalence of Respiratory and Gastrointestinal Pathogens in Icelandic calves up to 3 months of age: A Pilot Study on Seasonal, Geographical, Biosecurity and Management Influences.**

Umsókn frá Þorbjörgu Evu Ellingsen. Verkefnisstjóri er Þorbjörg Eva Ellingsen. Sótt er um kr. 700.000.

Markmið: Markmið verkefnisins er kortlagning sýkla sem valda meltinga- og öndunarfærasjúkdómum í íslenskum kálfum. Kortlagning af þessu tagi hefur ekki áður verið gerð hér á landi. Kálfadauði af völdum skitu hefur verið vandamál hér á landi en ástæða skitunnar ekki ljós og vonast undirrituð til að komast að því hvað veldur. Öndunarfærasjúkdómar hjá kálfum eru ekki algengir hér á landi en eru það í Danmörku þar sem samskonar kortlagning hefur verið gerð og verða gögn frá Danmörku notuð til samanburðar og þannig vonast undirrituð til að komast nær því í hverju munurinn liggur.

Saur- og nasastrokusýni voru tekin frá kálfum á 12 búum á Norðurlandi í apríl og september 2023. Á Vesturlandi voru tekin samskonar sýni á 8 búum í september 2023. Sýnatöku er lokið þegar þetta er ritað og hafa þau verið send til greiningar á rannsóknarstofu Kaupmannahafnarháskóla. Notað verður High-Throughput Real-Time PCR til greiningar á 11 sýklum sem algengt er að valdi meltingar- og öndunarfærasjúkdómum hjá kálfum. Með því að senda sýnin til Kaupmannahafnar fást upplýsingar um fleiri sýkla en mögulegt er að gera hér á landi og gerir samanburð við fyrri rannsóknir þar nákvæmari.

Árstíðarbundinn (vor/haust) breytileiki á Norðurlandi verður skoðaður með tilliti til sjúkdómabyrði einnig verður borin saman mismundandi landsvæði að hausti (Norðurland/Vesturland) og að lokum verða niðurstöður bornar saman við Danmörku. Bændur

voru spurðir nokkurra spurninga í varðandi heilsufar kálfanna. Allir kálfar sem sýni voru tekin frá fengu stutta heilbrigðisskoðun..

Ávinningur: Vonir standa til að niðurstöður rannsóknar varpi ljósi á sjúkdómsvalda í meltingarvegi og öndunarferum kálfa, dýralæknastéttinni íslenska kúastofninum og bændum til heilla . Þar sem þessi kortlagning hefur ekki verið gerð hér áður mun hún vonandi verða góður grunnur fyrir áframhaldandi rannsóknir á þessum vettvangi. Rotavírus hefur aldrei verið greindur í nautgripum á Íslandi fyrr en er þekkt orsök fyrir kálfaskitu í Danmörku þar sem notað er bóluefni til að sporna við skitunni. Verkefnið mun ekki snúast um bóluefni en það mun gefa okkur vísbandingu um hvort ákveðið bóluefni gæti verið valmöguleiki á Íslandi. Umrætt bóluefni veitir vörn gegn ákveðnum stofni af e.coli, coronavirus og rotavirus.

Tenging við loftslagsmarkmið: Ekki tilgreind.

Afgreiðsla: *Fagráð telur verkefnið áhugavert og að kortlagning meltingar- og öndunarferasjúkdóma hjá kálfum á Íslandi geti verið nautgriparæktinni til hagsbóta. Fagráð leggur ríka áherslu á að niðurstöður verkefnisins verði kynntar á aðgengilegu formi og á íslensku með t.d. grein í Bændablaðið. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 700.000 kr.*

Eftirstöðvar í þróunarsjóði eru því kr. 6.722.913. Formaður leggur til að auglýst verða aukaúthlutun úr þróunarsjóði með umsóknarfrest 1. desember n.k. Samþykkt að fara þess á leit við ráðuneytið.

6. Önnur mál.

Þórarinn fór aðeins yfir stöðuna varðandi kyngreiningu á sæði. Hann sagði vonlaust að flytja sæði til Noregs til kyngreiningar, jafnvel einungis til prófunar. Núna væri verið að skoða hvaða tækni hentaði og hvernig framkvæmd kyngreiningar yrði háttað í reynd.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Ágúst Sigurðsson
(sign.)

Egill Gautason
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Sigurbjörg Bergsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 23. ágúst 2023
2. Umsóknir í þróunarsjóð
3. Niðurstöður erfðamats í október 2023
4. Upplýsingar um nýtt kynbótmat fyrir lifun kálfa og gang burðar